

Krónan ehf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogi

Reykjavík, 25. október 2021
UST202108-108/F.K.
07.10.02

Eftirlit - Snyrtivörur - Áburður á bleyjusvæði – Málslok

Vísað er til bréfs dags. 20.9.2021 þar sem gerð var grein fyrir frávikum sem komu fram við eftirlit með vörunni *Lucky -Diaper Rash & Skin Protectant Ointment* sem boðin var til sölu í Krónunni og Krónan ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar verði framvegis merktar í samræmi við þær úrbætur sem fyrirtækið hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 20.9.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með *Lucky -Diaper Rash & Skin Protectant Ointment* og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Krónan ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200 kr.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri